



Samtök sveitarfélaga á  
höfuðborgarsvæðinu



Erasmus+

# SCANDIAVÍUFERÐ

Skólaárið 2018-2019

Thelma Hermannsdóttir  
styrkþegi

Tveggja vikna námsferð til Norðurlanda á vegum verkefnisins  
*Job-shadowing for teaching and integration of bilingual students.*

Fjármagnað af Erasmus+ menntaverkefni Evrópusambandsins.

Samningur nr. 2018-1-IS01-KA101-038753



GARÐABÆR



HAFNARFJÖRÐUR



Kópavogsbær



MOSFELLSBÆR



Reykjavíkurborg



SELTJARNARNES

## Inngangur

Ég var svo heppin að vera valin til að fara fyrir hönd Mosfellsbæjar og fylgjast með kennslu nýbúa eða Jobshadowing á Norðurlöndunum. Ég byrjaði á því að hafa samband við skólaskrifstofuna í Sandefjord Noregi, eftir að hafa beiðið í góðan tíma eftir svari hafði ég samband við skólann. Beiðni mín um að fylgja kennara í Byskolen var samþykkt. Ég fékk leyfi að fylgjast með deildarstjóra nýbúadeildarinnar og umsjónarkennara eins bekkjarins.

Eftir nokkra daga í Byskolen fékk ég tilboð um að fylgja kennara í unglingadeild í Varden ungdomsskolen. Ég var þar í 2 daga fylgist með kennslu og undirbúningi.

Ég fylgdist með kennurum í Byskolen sem er staðsettur í miðbæ Sandefjord, en þar eru 3 nýbúabekkir svokallaðir Velkomstklasser, nemendum er skipt eftir getu og aldri. Við skólann starfar hópur af nýbúakennurum með mikla reynslu, þau skipta á milli sín kennslunni og vinna mikið í teymisvinnu. Krakkarnir eru ekki í öllum fögum eins og norsku krakkarnir.

Í þessari greinargerð ætla ég að segja ykkur frá fyrirkomulaginu og kennsluaðferðunum sem notaðar eru í þessum tveimur skólum sem ég heimsótti. Einnig segi ég fá því sem ég sá og upplifði og fannst vera eitthvað sem við gætum nýtt okkur hér á Íslandi.

# Ferðatilhögun og framkvæmd

## 1. Skipulag og framkvæmd ferðar

Ég byrjaði á því að hafa samband við skólaskrifstofuna í Sandefjord síðar talaði ég beint við skólustjórann. Samþykkt var að ég byrjaði 13. nóvember. Ég flaug til Osló þann 12.nóvember. Ákveðið var að ég myndi fylgja einum aðalkennaranum í nýbúadeildinni. En sá kennari hefur yfirumsjón með nýbúakennslunni.

Ég fylgdi sama kennaranum og bekknum mest af tímanum, fékk þó að heimsækja alla 3 bekkina og fylgjast með í nokkrum tímum. En var svo heppin að kennarinn sem ég fylgdi bauðst til að koma mér að í unglingadeild í öðrum skóla þar sem að Byskolen er eingöngu uppí 7.bekk. Ég var 2 daga í unglingaskólanum en þar er einn nýbúabekkur. Ég fékk að fylgjast með kennslunni þar. Nýbúabekkurinn er með sinn umsjónarkennara sem kennir þeim flest fög og allt fer fram á norsku. Þar eru einnig stuðningsfulltrúar sem erlendan bakgrunn.

## 2. Heimsóknarskóli/-ar

Byskolen er skóli frá 1.bekk uppí 7.bekk. Mikill hluti nemenda og starfsmanna eru útlendingar. Skólinn er í miðbæ Sandefjord sem er suður af Osló. Í skólanum eru 315 nemendur, um 40 kennarar og 40 stuðningsfulltrúar. Þar er einnig að finna deild fyrir þroskaskerta og fatlaða krakka. Það sem einkennir skóla er t.d. umhverfið og fjölbreytileiki nemenda, þarna eru nemendur frá mörgum löndum og einnig líkamlega fatlaðir nemendur. Skólinn er í miðbænum þannig að það er mikið líf og fjör hvert sem þú lítur. Skólalóðin er mjög flott með fullt af leiktækjum. Kennarar eru á vakt á skólalóðinni í frímínútum og hádeginu ásamt stuðningsfulltrúum. Í hádegisfrímínútum er spiluð tónlist á skólalóðinni, það var mikil og góð stemning. Einkunnarorð skólans eru öruggt og gott skólasamfélag.

Það fyrsta sem krakkarnir gera þegar þeir mæta á morgnana er að setja símana sína inni í skáp, þegar allir hafa lagt símann sinn þar læsir kennarinn skápnum. Krakkarnir fá svo símana sína þegar þeir fara heim.

Varden ungdomsskolen er skóli fyrir 8. – 10 .bekk. Með 396 nemendum í 14 bekkjardeildum. Það vinna 53 starfsmenn. Ábyrgð – umhyggja - virðing eru einkunnarorð skólans. Þar er einn móttökubekkur fyrir Sandefjord kommune, en þar er safnað saman útlendingum sem eru nýfluttir

til Sandefjord. Umsjónarkennari og stuðningsfulltrúi fylgja bekknum svo er sér stærðfræðikennari. Nemendur mega hámark vera í 2 ár í þessum bekk. Hámarksfjöldi í bekknum eru 15 nemendur. Þegar nemandinn er búinn að ná nokkuð góðum tókum á norskunni fær nemandinn að prófa að fara inn í venjulegan bekk, þau byrja á að fá að fara 1 sinni í viku, ef það gengur vel þá er það aukið í 2 daga í viku o.f.frv. Þessu er gefið góður aðlögunartími og kennarinn í Velkomstklassen og nýji kennarinn eru í góðu sambandi til að fylgjast með stöðunni og meta hvernig gengur. Á meðan ég var þarna var verið að fara að senda 2 unglunga í heimsókn í heimaskólann nýja, það ríkti spenningur og kvíði hjá krökkunum.

### 3. Lærdómur minn

Ég hef nú þegar nýtt mér hugmyndir sem ég sá í kennslunni, þar sem ég er tungumálakennari. Ég sá hvernig kennararnir endurtóku sig mikið til að auka skilning hjá nemendum og skrifuðu mikið uppá töflu þannig að nemendurnir heyrðu og sáu orðin. Eins notuðu kennararnir mikið líkamsmál og tjáningu.

Þessi heimsókn opnaði á mér augun fyrir því hversu mikilvægt það er að það sé einhvern einn kennari sem heldur utan um nýbúann. Því þetta snýst ekki bara um að kenna námsefnið heldur er ekki síður mikilvægt að kenna og segja frá menningunni og því sem tengist daglega lífinu. Vera tengiliður við heimili og koma mikilvægu upplýsingum á framfæri þegar því er að skipta.

Það vakti athygli mína að kennararnir nefndu oft við krakkana; svona gerum við í Noregi þegar það var verið að tala um einhverjar hefðir eins og jólahald og slíkt. Mikið talað um menninguna og hefðir og slíkt.

Gaman var að sjá hvað kennarnir notuðu mikið tónlist, það var bæði sungið og svo spiluð tónlist. Þarna sjá ég hvað tónlist getur verið gott tæki í tungumálakennslu, bæði námslega og svo er það líka skemmtilegt, líflegt og mjög félagslegt.

Ég spurði út í námsmatið í unglingadeildinni og fékk þau svör að þau taki ekki próf í Velkomstklassen en gera ýmis verkefni. Þau fá umsagnir frá kennurum fyrir foreldrana að sjá hvernig gangi almennt.

#### 4. Lærdómur fyrir íslenskt skólakerfi

Mjög flott skipulag á nýbúadeildinni. Nemendur koma frá Sandefjord og nágrenni. Þarna starfar flott teymi af fjölbreyttu fagfólki sem passar uppá að nemendum líði sem best og fái góða kennslu og umönnun. Það vakti athygli mína að sjá hvað kennararnir voru meðvitaðir um að nýbúar vita ekki endilega hvað er framundan eða hvernig hefðir í norskum skólum eru.

Virkilega flottar skólastofur þrátt fyrir að vera mjög gamall skóli. Allir nemendur hafa spjaldtölvur til umráða. Mikið um plaköt og verkefni um alla veggj. Á nemendaborðunum eru einnig upplýsingar sem nýtast krökkunum vel daglega, t.d. tölustafirnir, dagarnir, myndir af fatnaði og nöfnin undir, litirnir og fleira.

Margir stuðningsfulltrúar sem eru með mikla reynslu og einnig mikið af erlendum stuðningsfulltrúum. Hver nemandi á rétt á einum tíma í viku í móðurmálskennslu, þá koma kennarar sem flakka á milli skóla og veita þá þjónustu. Á milli kennslustofanna eru lítil rými þar sem móðurmálskennararnir nota með nemendum og einnig lestrarvinir.

Kennarar borða með bekknum sínum í skólastofunni, ekki mötuneyti þarna. Á meðan fá nemendur að horfa á mynd með norsku tali.

Gaman að sjá hvernig samfélagið er að taka þátt í skólastarfinu, t.d. eldri borgarar með lestraraðstoð, boðið uppá ýmislegar tómstundir eftir skóla án gjalds.

Nemendur taka líka mikinn þátt í að passa að kennslustofan sé hrein og fín.

Einn af nýbúakennurunum spilar á gítar og nokkrum sinnum í viku kemur hann inn í bekki og spilar á gítarinn og nemendurnir læra norska söngva og syngja með. Einnig býður hann nemendum uppá tíma í gítarkennslu á skólatíma. Nemendurnir voru mjög spenntir fyrir þessu.

Sandefjord kommuna er með heimasíðu þar sem hægt er að nálgast fullt af námsefni og kennarar hafa aðgang að. Þarna er búið að safna saman fullt af efni fyrir nýbúakennslu. Bæði verkefni til útprentunar og einnig gagnvirkt efni.

## Lokaorð

Það sem stendur upp úr í huga mínum eftir þetta verkefni er umhyggjan sem var svo augljós á milli kennarana/stuðningsfulltrúanna og nemendanna. Kennararnir eru mjög meðvitaðir um hversu vel þeir þurfa að halda utan um nemendur sína, útskýra vel og segja frá hefðum og hvað er framundan. Kennararnir eru ekki eingöngu að kenna norsku heldur samfélagsfræði og lífsleikni. Þeir gera sér líka grein fyrir að þessir krakkar eru mörg búin að ganga í gegnum ýmislegt í lífinu sem börn ættu ekki að þurfa að þola. Þannig að kennararnir eru varkárir og skilningsríkir. Kennararnir eru líka meðvitaðir um að nýbúarnir vita ekki allt sem við teljum að allir eigi að vita, t.d. hvernig undirbýr maður sig fyrir skíðaferð, hvað þurfa krakkarnir að hafa með.

Það var virkilega áhugavert að fá að fylgjast með og taka þátt í tímum. Ég kom heim reynslunni ríkari og hef núna hugmyndir um hvernig hægt væri að styðja við og kenna nýbúum. Norðmenn eru með mikla og langa reynslu og hafa þess vegna fullt af námsefni og námsgögnum til að nýta í nýbúakennslunni.

Með undirritun þessarar greinargerðar staðfesti ég þátttöku mína í umræddri ferð og að hún endurspeglar sjónarmið mín og þá framkvæmd sem átti sér stað í ferðinni.

Mosfellsbær

Dags. 31. janúar /2019

Thelma Hermannsdóttir

Kennari í Varmárskóla

Ofangreind skýrsla verður birt á vef verkefnisins, <http://ssh.menntamidja.is>, til kynningar fyrir aðra um framkvæmdina.